

**Ed. 235. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúruvannsóknir.

Flm.: Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Bjarni Benediktsson.

**1. gr.**

- a. Fyrir „þriggja manna“ í 4. gr. laganna kemur: fjögurra manna.
- b. Fyrir „tilnefningu þriggja“ í sömu lagagrein kemur: tilnefningu fjögurra.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í lögum um rannsóknaráð ríkisins var gert ráð fyrir þrem fulltrúum í ráðinu. Nú þykir hagkvæmara, að þar eigi sæti fjórir nefndarmenn, þannig að allir þingflokkarnir hafi þar fulltrúa. Hafa tveir af hinum eldri fulltrúum, sem nú eiga sæti í rannsóknaráðinu, þeir Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur og Pálmi Hannesson rektor, óskað eftir, að þessi breyting yrði gerð.